

**239. fundur hafnarstjórnar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, föstudaginn 10.**  
**mars 2023 og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Magnús Einar Magnússon formaður, Catherine Patricia Chambers varaformaður, Jóhann Birkir Helgason aðalmaður og Ólafur Baldursson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi og Hilmar Kristjánsson Lyngmo, hafnarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Magnús Einar Magnússon, formaður hafnarstjórnar, leggur til að mál 2021040094 um framkvæmdaáætlun 2022 til 2032 verði tekið á dagskrá hafnarstjórnar með afbrigðum. Tillagan samþykkt samhljóða og verður þá málið 5. liður á dagskrá.

**Dagskrá:**

**1. Gjaldskrár 2023 - 2022050015**

Lögð fram tillaga að uppfærðri gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar vegna breytinga á orðalagi og fyrirkomulagi bryggjugjalda og farþegagjalda.

Þráinn Ágúst Arnaldsson, starfsmaður á stjórnsýslu- og fjármálasviði mætir til fundar til að fara yfir breytingarnar.

*Máli frestað til næsta fundar.*

**Gestir**

Þráinn Ágúst Arnaldsson - 12:00

Þráinn yfirgefur fund kl. 12:28.

**2. Skipulagsmál á Sundabakkasvæðinu - þjónustuhús - 2017050124**

Hafnarstjóri upplýsir hafnarstjórn um stöðu mála vegna fyrirhugaðs þjónustuhúss fyrir farþega skemmtiferðaskipa.

*Hafnarstjóri fer yfir stöðu skipulagsmála á Sundabakkasvæðinu í tengslum við fyrirhugað þjónustuhús fyrir farþega skemmtiferðaskipa.*

*Hafnarstjórn leggur áherslu á að skipulagsvinna fyrir svæðið verði unnin í samstarfi við skipulags- og mannvirkjanefnd.*

**3. Endaþjónusta og vöktun skemmtiferðaskipa - 2023020007**

Lagður fram til kynningar samanburður á launakostnaði vegna vöktunar og endaðjónustu vegna skemmtiferðaskipa.

*Samanburður lagður fram til kynningar.*

*Hafnarstjórn leggur til að sumarstarfsmenn hafna Ísafjarðarbæjar séu nýttir til*

*vinnunnar við vöktun og endaðjónustu vegna skemmtiferðaskipa.*

**4. Skemmtiferðaskip - Farþega fjöldi - 2023030060**

Hafnarstjóri fer yfir hugmyndir um að setja hámarksfjölda per dag á farþega skemmtiferðaskipa.

*Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að hefja vinnu við gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa.*

**5. Framkvæmdaáætlun 2022 til 2032 - 2021040094**

Lagt fram til kynningar minnisblað Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar, dags. 9. mars 2023, um stöðu framkvæmda hjá hafnarsjóði.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2023 - 2023010001**

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

Umsagnarfrestur er til og með 15. mars 2023.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Hafnasamband Íslands - ýmis erindi og fundargerðir 2023-2024 - 2023010276**

Lögð fram drög að ársreikningi hafnasambands Íslands 2022 og fundargerð 450. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem haldinn var þann 17. febrúar 2023.

*Ársreikningur og fundargerð lögð fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:06**

---

Magnús Einar Magnússon

---

Catherine Patricia Chambers

---

Jóhann Birkir Helgason

---

Ólafur Baldursson

---

Tinna Ólafsdóttir

---

Hilmar Kristjánsson Lyngmo